

Hafnarfirði, 19.8.2016 2016
1608200 GG

Umsögn arkitekts vegna Hraunhvamms 4, Vesturbæ.

Þann 11.8.2016 leggja Anna Lilja Sigurðardóttir og Sæmundur Hreinn Gíslason inn fyrirspurn til byggingarfulltrúa vegna fyrirhugaðra stækkunar hússins að Hraunhvammi 4. Húsið stendur við fallega götu í Vesturbæ Hafnarfjarðar byggt árið 1952.

Óskað er eftir að hækka þak hússins og setja kvisti á þak suður- og norðurhliðar. Jafnframt að byggja við austurgafli hússins.

Hraunhvammur 4 stendur við götu er nýtur hverfisverndar og fellur undir *hverfisvernd E* sk. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 -2025. Jafnframt segir í greinagerð Aðalskipulagsins, *byggingar*, bls.66, að: „Við varðveislu eldri byggðar er mikilvægt að varðveita samfellda byggð sem heild og halda þar með þeim einkennum, sem myndað hafa ramma um líf fyrri tíma. Stuðla ber að varðveislu, verndun eða friðun sérkenna í húsagerð og skipulagi auk annarra staðbundinna umhverfisþátta þannig að ímynd bæjarfélagsins strykist“.

Arkitekt hjá skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar telur innsenda tillögu að stækkun hússins ekki heppilega lausn með tilliti til aldurs og gerðar hússins. Við götuna er heilsteypt götumynd og samræmd þakform sem ber að varðveita. Við breytingar á húsinu ber að samræma útlit þess betur aldri og upphaflegum einkennum. Í ljósi þessa er ekki hægt að samþykkja innsenda breytingartillögu.

Virðingarfyllt

Gunnþóra Guðmundsdóttir
arkitekt